

Fundargerðir millipinganevndar Fjórðungssambands Vestfirðinga um endurskoðun samþykta Fjórðungssambands Vestfirðinga og þingskapa Fjórðungspings Vestfirðinga.

64. Fjórðungspings Vestfirðinga samþykkti að nefndin yrði stofnuð með eftirfarandi tillögu.

Tillaga um stofnun millipinganevndar um endurskoðun samþykta og þingskapa.

64. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið á Þingeyrir 10. maí 2019 samþykkir að skipuð verði þriggja manna millipinganevnd sem hafi það hlutverk að endurskoða samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga m.a. með tilliti til samþættingar starfsemi Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu ses. Einnig verði millipinganevnd falið að endurskoða þingsköp Fjórðungspings.

Fjórðungsping beinir til Vestfjarðastofu að starfsháttarnefnd Vestfjarðastofu verði falið að vinna með nefndinni.

Míðað er við að nefndin taki strax til starfa og skili álit sínu til sveitarfélaganna fyrir lok júní 2019 og kalli eftir viðbrögðum sveitarfélaga. Breytingartillögum verði skilað fyrir 10. september 2019.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er falið að gera tillögu um skipan nefndarinnar.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkti á stjórnarfundum 12. júní 2019 að skipa í nefndina þau Jóhönnu Ösp Einarsdóttur, Reykhólahreppi, Lilju Magnúsdóttur, Tálknafjarðarhreppi og Sigurð Hreinsson, Ísafjarðabæ. Nefndin tæki þegar til starfa.

Samhliða samþykkti 64. Fjórðungsping Vestfirðinga tillögu um að gefa heimild til að ræða breytingar á samþykktum Fjórðungspings Vestfirðinga á haustþingi Fjórðungssambandsins. En samkvæmt 12. Gr samþykta eiga breytingar á samþykktum ræðast á Fjórðungspingi. Tillögur að breytingum verða sendar út með dagskrá þingsins.

1. Fundur

Símafundur haldinn 13.júní.2019 kl. 14.00.

Mætt voru Sigurður Hreinsson, Lilja Magnúsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir.

Farið yfir gildandi samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga. Sigurður Hreinsson kynnti tillögur að breytingum á samþykktum sem hann hafði áður sent út á sveitarfélögin í aðdraganda 64. Fjórðungsþings Vestfirðinga. Rætt um tillögur Sigurðar og samþykkt að nefndarmenn settu inn tillögur að breytingum í sameiginlegt skjal. Breytingar yrðu svo ræddar á vinnufundi sem haldinn yrði í byrjun júlí n.k..

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.

Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Lilja Magnúsdóttir

Sigurður Hreinsson

2. Fundur, haldinn í Gamlabæ á Brjánslæk. 4. júlí.2019, kl. 14:00.

Mætt voru: Sigurður Hreinsson, Lilja Magnúsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. Auk þeirra sat Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri Vestfjarðastofu fundinn samkvæmt beiðni nefndarinnar.

Farið yfir einstaka greinar í samþykktum og þingsköpum og settur rökstuðningur og viðhorf með tillögum að breytingum.

Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga, síðast breytt 2. maí 2018 á 63. Fjórðungsþingi Vestfirðinga.

- 1. gr . Óbreytt.**
- 2. gr . Óbreytt**

3. gr. Fjórðungsþing Vestfirðinga

Ársfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga nefnist Fjórðungsþing Vestfirðinga. Fjórðungsþing er haldið í tvennu lagi á hverju ári, Fjórðungsþing að vori skal haldið í apríl eða maí og Fjórðungsþing að hausti í september eða október.

Núverandi samþykktir gætu gefið til kynna mismunandi vægi Fjórðungsþings og haustfundar. Lagt er til að vægi þinga verði jafnað, hvort heldur að vori eða hausti með því að halda í raun eitt Fjórðungsþing sem er sett að vori en frestað til hausts og þá endanlega slitið. Þá er hægt, ef á þarf að halda, að færa atriði af vorþingi yfir á haustþing því vorþingi er frestað.

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsþingi og atkvæðaréttur

Fulltrúar á Fjórðungsþingi eru aðalmenn í sveitarstjórn eða varamenn. Atkvæðafjöldi hvers sveitarfélags deilist jafnt niður á alla aðalmenn í sveitarstjórn.

Lagt er til leggja af þá aðferð að sveitarstjórnir kjósi fulltrúa á Fjórðungsþing, heldur verði allir fulltrúa sem kosnir eru til sveitarstjórna á Vestfjörðum um leið fulltrúa á Fjórðungsþingi. Með þessum hætti verður styrkt tenging sveitarstjórnarfulltrúans við Fjórðungsþing og er þáttur í að laga lýðræðishalla gagnvart minnihluta í sveitastjórnnum. Í núverandi samþykktum getur sú staða komið upp að meirihluti sveitarstjórnar beitir sér í vali á fulltrúum á Fjórðungsþing sér í hag. Hugsanlega eykur þetta kostnað sveitarfélaganna vegna réttis allra sveitarstjórnarfulltrúa að sækja þingið.

Þetta einfaldar kosningar og umstang í kringum þær til dæmis vegna skila á kjörbréfum og útreiknings á atkvæðavægi.

Heimilt er sveitarstjórnarmanni að framselja atkvæðarétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa frá eigin sveitarfélagi, sjái varamaður hans sér ekki fært að mæta í hans stað. Framselji aðalmaður atkvæðarétt sinn til varamanns eða annara þingfulltrúa, skal hann tilkynna það í sveitarstjórn og afhenda viðkomandi undirritaða yfirlýsingu því til staðfestingar, sem leggja þarf fram við komu á Fjórðungsþing.

Hér því fyrirfram gefið í upphafi þings að aðalmenn hvers sveitarfélags mæta til þingsins með fyrirframgefnum fjölda atkvæða. En um leið er aukin ábyrgð sett á aðalmenn, að í forföllum þeirra að þeir tryggja mætingu fulltrúa og eða að atkvæði sveitarfélagsins falli ekki niður. Því þurfi sveitarstjóri og eins starfsmenn Fjórðungssambandsins ekki að gæta að því sérstaklega.

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atkvæðaréttur hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

Allir sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum eru þannig orðnir fulltrúar á Fjórðungsþingum og kjörbréfanefnd verður því óþörf. Starfsmenn halda utan um atkvæðavægi ef þörf krefur í atkvæðagreiðslu. Einu aðilar sem skila þurfa inn „kjörbréfi“ eru varamenn (eða sá sem fer með atkvæðisrétt viðkomandi sveitarstjórnarmanns) sem verða að skila inn staðfestingu aðalfulltrúa á fjarveru sinni.

5. gr. Stjórn Fjórðungssambandsins

Kosning í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer fram á haustþingi. Kjósa skal fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara. Kjörtímabil stjórnar eru 24 mánuðir, kosið skal í stjórn á kosningarári sveitarstjórna og aftur að tveimur árum liðnum. Kjörgengir til stjórnar eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum.

Úr hópi kjörinna stjórnarmanna kýs Fjórðungsþing formann stjórnar, [LM3] en stjórn kýs varaformann. Stjórnarformaður, sem gegnt hefur formennsku í fjögur ár samfleytt, er ekki kjörgengur til formannskjörs fyrr en að jafnlöngum tíma liðnum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer með yfirstjórn á rekstri sambandsins í samræmi við fjárhagsáætlun og aðrar samþykktir. Stjórn vinnur að framkvæmd mála sem Fjórðungsþing ákveður hverju sinni eða lög frá Alþingi segja til um. Stjórn er heimilt að hafa frumkvæði að málum og taka upp mál sem sveitarfélög innan sambandsins beina til hennar og varða hagsmuni vestfirskra sveitarfélaga.

Ef aðalmaður eða varamaður í stjórn fellur frá eða flytur burt úr landshlutanum á kjörtíða sínum, skal á næsta ársþingi kjósa í hans stað, fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímanum.

Kosning í stjórn fari alltaf fram á sama tíma árs og kjörtímabil stjórnarmanna sé því alltaf 24 mánuðir.

Til umræðu kom hvort það eigi að vera aukþing á kosningarári t.d. í lok júní, því það sé óheppilegt að upp geti komi sú staða að hluti og jafnvel meirihluti stjórnar sé skipuð fulltúrum sem sitja ekki lengur í sveitarstjórn og því án umboðs (starfsstjórn). Hinsvegar er á það bent að nýjar sveitarstjórnir þurfi hafa ákveðið svigrúm til að ræða hvernig skipa eigi til í málum á samstarfsvettvangi sveitarfélaga. Niðurstaða umræðu var að veita heimild til að halda Fjórðungsþing að hausti í september til október. Á kosningarári verði svigrúmið nýtt til að boða til þings í byrjun september, þá er um þrjár mánuðir frá lokum sveitarstjórnarkosninga og það gefi svigrúm til að ræða sameignleg verkefni og starfstjórn geti í tilfelli aðkallandi mála frestað ákvörðun innan hæfilegs frests..

Til umræðu kom um fjölgun í stjórn sambandsins með tilliti til að ekki eigi öll sveitarfélög fulltrúa í stjórn og eins stöðu minnihluta. En lagt er til að halda sig við sama fjölda í stjórn í 5 aðalmönnum og 5 til vara. Allir eru kjörgengir í stjórn um leið og þeir eru kosnir í sveitarstjórn og því einskorðast stjórn ekki við meirihluta og minnihluta sveitarfélaga. Minnihluti sveitarstjórna hefur málfrelsi og atkvæðisrétt á fjórðungsþingi eins og aðrir fulltrúar á þingi.

Til umræðu kom um að skipta Vestfjörðum í svæði við stjórnarkjör og fastsetja fjölda fulltrúa. Niðurstaða var að halda sig við þær óskráðu reglu sem unnið hefur verið með 3 fulltrúar á norðursvæði, 1 fulltrúi suðursvæði og 1 fulltrúi frá Ströndum og Reykhólahreppi og gætt að því að dreifing fulltrúa í aðal og varastjórn nái til allra sveitarfélaga. Þetta vinnulag hjálpar einnig til að gæta að kynjahlutfalli í stjórn.

6. gr . Framkvæmdastjóri (verður 13. grein)

7. gr verður 6. grein en að öðru leyti óbreytt.

7. gr. Árstíllag sveitarfélaganna (ný grein)

Ákvörðun um upphæð árstíllag sveitarfélaganna skal tekin á fjórðungsþingi að hausti. Árstíllag sveitarfélaganna til sambandsins skal vera tiltekin upphæð á hvern íbúa viðkomandi sveitarfélags og skal miðað við íbúafjölda 1. janúar ár hvert. Gjald dagar skulu vera 15. dags hvers mánaðar með jöfnum greiðslum yfir árið. Sé gjaldið ekki greitt fyrir 1. dag næsta mánaðar skal reikna dráttarvexti frá gjalddaga.

Gert er hér að tillögu að sérstök grein verði í samþykktum varðandi árstíllag. Árstíllag er núna hluti grein samþykktar þar sem fjallað er um dagskrá Fjórðungspings og mat millipinganevnd það fyrirkomulag ekki í takt við mikilvægi málsins.

8. Dagskrá fjórðungspings

Tvær nýja greinar 8. gr sem fjallar um dagsskrá Fjórðungspings að vori og 9. gr um dagsskrá Fjórðungspings að hausti.

Hér er nánar útlistað um framkvæmd Fjórðungspings. Skipt upp í tvær greinar og útlistað hvað er gert að vori og hvað er gert að hausti. Fjórðungsping að vori fjalli um liðið starfsár með afgreiðslu ársreiknings, skýrslu stjórnar, endurskoðun fjárhagsáætlunar starfsársins og ákvörðum um málefni á haustþingi. Fjórðungsping að hausti er vettvangur til umræðu um málefni og afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir komandi ár sem taki þá mið af umfjöllun um málefni og síðan kosninga til stjórnar og nefnda.

Tími til að skila inn endurskoðuðum ársreikningi og fjárhagsáætlun lengdur úr 10 dögum í 15 til að lengja þann tíma sem sveitarstjórnarmenn hafa til að kynna sér gögn þingsins.

Tekið var til umræðu hvort að skýrsla um stöðu og framkvæmd sóknaráætlun sé flutt sérstaklega á haustþingi, til að auka upplýsingaflæði til sveitarstjórnarmanna um sóknaráætlun. Ekki lögð til sú breyting á samþykktum að þessu sinni en óskað eftir að málið verði tekið til umræðu í stjórn og vettvangi Sóknaráætlunar.

9. Grein Fastanefndir, verður 10. grein

Ekki gerð tillaga um breytingu en millipingnefnd er kunnugt um að í mótun sé tillaga um breytingu á skipan Úthlutunarnefndar og myndi óska eftir því að stjórn FV vísaði slíkri tillögu til umfjöllunar nefndarinnar.

10. gr um Haustþing.

Gerð er tillaga um að fella þessa grein niður og ný grein komi í hennar stað sem 9. grein .

11. grein um Kostnað

Gerð er tillaga um að áréttað sé að sveitarfélög greiði ferðakostnað fulltrúa á Fjórðungspingi.

12. gr. Vestfjarðastofa. (ný grein)

Vestfjarðastofa heldur utan um rekstur FV samkvæmt samningi. Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu er jafnframt framkvæmdastjóri FV og hefur á hendi þau störf, sem stjórn þess felur honum. Starfslýsing, er kveður á um helstu verkefni framkvæmdastjóra fyrir FV, skal vera hluti af ráðningarsamningi Vestfjarðastofu við hann.

Fimm manna stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er jafnframt hluti af níu manna stjórn Vestfjarðastofu. Formaður FV skal alla jafna jafnframt vera formaður Vestfjarðastofu

Hér er gert að tillögu að tilgreina fyrirkomulag samstarfs FV og Vestfjarðastofu og stöðu framkvæmdastjóra. Í því ljósi að Fjórðungssamband Vestfirðinga er aðili að Vestfjarðastofu í gegnum aðildarsveitarfélögin á Vestfirðum. Vestfjarðastofa er sjálfseignarstofnun sem tók við verkefnum og starfsmönnum sem áður heyrðu undir Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga. Undir Vestfjarðastofu heyrir einnig Markaðsstofa Vestfjarða og menningarfulltrúi Vestfjarða. Starfsemi Vestfjarðastofu skiptist í tvö svið, byggðasvið og atvinnusvið. Fimm manna stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er jafnframt hluti af níu manna stjórn Vestfjarðastofu. Formaður FV skal alla jafna jafnframt vera formaður Vestfjarðastofu.

12. grein. Breyting á samþykktum (verður 15. grein)

13. grein . um aðild og úrsögn (verður 14. grein)

13. Grein. Ný grein Framkvæmdastjóri (áður 6. grein)

Í framhaldi af ákvæðum 12. Greinar þá er ákvæðum um stöðu framkvæmdastjóra og sviðsstjóra Vestfjarðastofu og sett inn nýtt ákvæði um skriflegan samning milli Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands.

14. Gr. Um aðild og úrsögn (áður 13. grein)

Bætt við ákvæði um sameiningu sveitarfélaga sem var ekki áður.

Breyting á úrsögn tímamörk voru 6 mánuðir (fyrir haustþing) en breytast í 8 vikur fyrir þingssetningu að vori.

15. Grein Breyting á samþykktum

Óbreytt en var áður 12. Grein

16. Gr. Slit (áður 14. grein)

Lagt er til að ekki verði hægt að leggja fjórðungssambandið niður nema á kosningarári og þurfi þá að samþykki það bæði að vori og hausti. Þetta er gert til að vinna á móti lýðræðishalla.

Þingsköp Fjórðungspings Vestfirðinga, síðast breytt á 55. Fjórðungspingi Vestfirðinga haldið í maí 2010.

2. gr.

Er ítarlegri og í samræmi við að Fjórðungsping sé haldið í tvennu lagi.

3. gr.

Er aðlöguð því að Fjórðungsping sé haldið í tvennu lagi.

4. gr

Breytt í samræmi við tillögu að nýjum samþykktir FV. Allir fulltrúar sem kosnir eru í sveitarstjórnir á Vestfjörðum eru sjálfkrafa fulltrúar á Fjórðungspingi Vestfirðinga og þeir skrá sig við upphaf þings án sérstaks kjörbréfs.

6. gr.

Í upphafi haustþings, því það eru ekki þannig mál á vörþingi að það þurfi að skipta upp eftir nefndum. Eða starfa undir einni málstofu ef þurfa þykir. Breytingar á stjórnskipan og samþykktum skulu ræddar í fjórðungsmálanefnd.

Aðrar greinar verði óbreyttar.

Samþykkt að fela sviðsstjóra að færa inn breytingar og stilla upp tillögu að nýjum samþykktum og þingsköpum og senda tillögur nefndarinnar til kynningar í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga og í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:47

Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Lilja Magnúsdóttir

Sigurður Hreinsson

Aðalsteinn Óskarsson.